

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára .... kr. 5 300.00
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra ..... — 2 600.00
3. Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki .... — 900.00
4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga „(lega-lisering“), hvert skjal ..... — 900.00

## 2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

## 3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

## 4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1980. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 9. janúar 1976.

*Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1980.*

**Benedikt Gröndal.**

*Hörður Helgason.*

## REGLUGERÐ

**um greiðslu opinberra gjalda í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað fyrri hluta ársins 1980.**

## 1. gr.

Í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað skal innheimta sameiginlega fyrirfram upp í væntanleg þinggjöld og útsvör yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 68% — sextíuogátta af hundraði — þeirra þinggjalda og útsvara, sem honum bar að greiða á árinu 1979.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 18. janúar 1980, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1980.*

**F. h. r.**

**Höskuldur Jónsson.**

*Árni Kolbeinsson.*